



Aðild að ESB myndi skaða sjávarútvegshagsmuni Íslands

Friðrik J. Arngrímsson,
framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna

Aðild að ESB myndi skaða sjávarútvegshagsmuni Íslands

- Með aðild að Evrópusambandinu þyrfti Ísland að undirgangast sameiginlega fiskveiðistefnu sambandsins.
- Þar með misstum við forræðið yfir einni mikilvægustu náttúruauðlind okkar.

Lagasetningarvaldið flyttist frá Íslandi

- Ísland hefur fullveldisrétt innan efnahagslögsögu sinnar. Mikilvægasti þáttur fullveldisréttarins er lagasetningarvaldið og rétturinn til að framfylgja settum lögum.
- Væri Ísland aðili að Evrópusambandinu flyttist lagasetningarvaldið á sviði sjávarútvegsmála frá Íslandi til ESB.

Við fengjum sennilega þrjú atkvæði í ráðherraráði ESB

- Til þess að ná málum fram innan ráðherraráðs ESB þarf „aukinn meirihluta“ eða 73,9% atkvæða innan ráðsins. Með „auknum meirihluta“ er nú vísað til 255 af 345 atkvæðum ráðherraráðsins.
- Væri Ísland aðili að Evrópusambandinu fengjum við sennilega þrjú atkvæði á þessum vettvangi. Þetta getur ekki kallast að “deila fullveldinu.”

Lúxemborgar-ákvæðið er of veikt til þess að verja hagsmuni Íslands

- Hið svokallaða Lúxemborgar-ákvæði kveður á um að aðildarríkin muni í tilvikum, þar sem ákvörðun varðar mjög mikla hagsmuni eins eða fleiri aðildarríkja, **leitast við** að ná samkomulagi sem öll aðildarríki geti sætt sig við innan skynsamlegs frests.

“Where, in the case of decisions which may be taken by a majority vote on a proposal from the Commission, very important interests of one or more partners are at stake; the Members of the Council will endeavour, within a reasonable time, to reach solutions which can be adopted by all the Members of the Council while respecting their mutual interests and those of the Community, in accordance with Article 2 of the treaty.”

Engar varanlegar undanþágur

- Mikið hefur verið rætt um hvort undanþágur frá sameiginlegri fiskveiðistefnu ESB séu mögulegar.
 - Reynslan sýnir okkur að svo er ekki.
- Í samningaviðræðum við ESB 1994 náðu Norðmenn engu fram sem máli skipti. Evrópusambandið hafnaði kröfum Norðmanna um eignarrétt yfir auðlindum innan norsku efnahagslögsögunnar. Norðmenn fengu ekki forræði á stjórn fiskveiða innan efnahagslögsögunnar - aðeins þriggja ára undanþágu fyrir veiðar norðan 62° N.

Hlutfallslegur stöðugleiki (Relative stability)

- Norðmönnum tókst ekki að tryggja að reglan um hlutfallslegan stöðugleika héldist óbreytt.
 - Reglan um hlutfallslegan stöðugleika getur unnið gegn okkur sbr. makrílinn.

Engin bein þátttaka í mikilvægri umræðu um fiskveiðimál á vettvangi SP

- Rödd Íslands hefur á stundum verið mikilvæg fyrir niðurstöður á vettvangi Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna og FAO, Matvæla- og landbúnaðarstofnunar SP.
 - Mörg dæmi eru um að það hafi haft úrslitaáhrif að við höfum sjálf talað okkar máli á alþjóðvettvangi, t.d. á sviði hafréttar. Höfum átt ríka hagsmuni, búið yfir þekkingu og haft á að skipa færri fólki.

Fullar valdheimildir ESB á öllum lifandi auðlindum sjávar

- Lissabonsáttmálinn frá 2007 eykur ekki líkurnar á að Ísland nái ásættanlegum samningi um sjávarútvegsmál vegna ákvæða hans um fullar valdheimildir Evrópusambandsins (e. Exclusive competence) á lifandi auðlindum sjávar:

***“The Union shall have exclusive competence in the following areas:
...Conservation of marine biological resources under the common fisheries
policy.”*** (Treaty of Lisbon, article 2 B, Specific amendments)

ESB myndi semja fyrir Íslands hönd um stjórn veiða úr deilistofnum

- Væri Ísland aðili að Evrópusambandinu annaðist ESB, samninga við þriðju ríki um stjórn og skiptingu veiðiréttinda úr deilistofnum.
- Þar með þyrfti Ísland að keppa við önnur ESB-ríki um hlutdeild í sameiginlegum fiskveiðiréttindum sambandsins. Samningsstaða Íslands myndi því stórlega veikjast.
- Réttur okkar til jafns við aðrar þjóðir til að setja okkur aflaheimildir ef ekki semst hyrfi. Úrslitaatriði.
 - Dæmi af makríl – 25-30 milljarðar eða lítið sem ekkert og/eða brottkast. Bretar, Hollendingar, Írar, Spánverjar.
 - Deilistofnar hafa staðið undir u.þ.b. 30% tekna íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja.
 - Við borðið – frammi á gangi – ekki í húsi !

Afnám takmarkana á fjárfestingum erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegi

- Lög um takmarkanir á erlendri fjárfestingu í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum eru sett til þess að tryggja að arðurinn af auðlindinni nýtist betur fyrir íslenskt samfélag.
- Ef til aðildar að ESB kæmi er ólíklegt annað en að breyta þyrfti þessum lögum til samræmis við lög Evrópusambandsins.

Arðsemi og ábyrgar veiðar eða misheppnuð fiskveiðistefna ESB?

- Íslenskur sjávarútvegur er vel skipulögð, tæknivædd og arðbær atvinnugrein, þar sem áhersla er lögð á sjálfbærar fiskveiðar.
 - Dæmi eru um góðan árangur í ESB en afleiðingar sameiginlegrar fiskveiðistefnu sambandsins hafa almennt reynst slæmar. Viðvarandi ofveiði, margir stofnar að hruni komnir, mikið tap á rekstri auk þess sem ESB veitir háum fjárhæðum til niðurgreiðslna í sjávarútvegi.

Þrettán aðildarríki ESB fengu árið 2009 hærri styrki en nam aflaverðmæti

- Samkvæmt nýlegri skýrslu veitti ESB 3,3 milljörðum evra (530 milljörðum íslenskra króna) til niðurgreiðslna og styrkja í sjávarútvegi árið 2009.
- Niðurgreiðslur og styrkir í 13 aðildarríkjum námu hærri upphæð en aflaverðmæti viðkomandi ríkis þetta sama ár.

Góð samskipti við ESB eru íslenskum sjávarútvegi mikilvæg

- Við þurfum að eiga góð samskipti við ESB. Skemmum þau ekki með ómarkvissri aðildarumsókn.
 - Markaðir ESB eru íslenskum sjávarútvegi afar mikilvægir.
 - Íslenskrar sjávarafurðir eru evrópskum neytendum einnig mikilvægar. Af því leiðir að góð fiskveiðistjórnun á Íslandi er mikilvæg fyrir neytendur í Evrópu.
 - Reynslan sýnir að stjórn fiskveiða á Íslandi er best komin í okkar eigin höndum.
- Við getum ekki látið fjöreggið í hendur aðilum sem í áratugi hafa fyrirskipað brottkast á fiski með lögum. (Myndskeið)